

## AUGLÝSING

### um sérstakt svæðisskipulag fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4, Fljótsdalur - Reyðarfjörður.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest sérstakt svæðisskipulag fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4, Fljótsdalur - Reyðarfjörður.

Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir tveimur 400 kV háspennulínum, Fljótsdalslínu 3 og 4, frá virkjun í Fljótsdal að Hrauni í Reyðarfirði. Línunum er ætlað að flytja raforku til fyrirhugaðrar stóriðju í Reyðarfirði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. apríl 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*